



# Fundur stjórnar Almannaheilla

haldinn í Sigtúni 42, fimmtudaginn 12. janúar 2017 kl. 09:00

**Mætt:** Ketill B. Magnússon, Haukur Ingibergsson, Jónas Guðmundsson, Þóra Þórarinsdóttir og Þröstur Emilsson

## Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Rekstraráætlun 2017
3. Skýrslur málefnaþópa
4. Félagsfundur 18. janúar 2017
5. Fundur fólksins
6. Önnur mál

## Afgreiðsla:

1. **Fundargerð** síðasta fundar upplesin og samþykkt

2. **Rekstraráætlun 2017**

Gjaldkeri, JG kynnti drög að fjárhagsáætlun Almannaheilla vegna ársins 2017. Rætt um hvort rétt væri að hækka aðildargjöld lítillga en gjöldin hafa verið óbreytt undanfarin tvö rekstrarár. Vísað til frekari umfjöllunar og afgreiðslu á aðalfundi.

**Niðurstaða:** Drög að rekstraráætlun samþykkt samhljóða.

3. **Skýrslur málefnaþópa**

JG og ÞE kynntu starf málefnaþóps um sýnileika. Hópurinn hefur fundað tvisvar og aðallega rætt fjögur mál:

- a) Félagsfundur 18.01.2017
  - b) Erfðagjafir, útgáfa bæklinga
  - c) Málþing Almannaheilla vorið 2017
  - d) Aðgerðir/undirbúningur vegna lagafrumvarps um almannaheillasamtök
- a) Undirbúningur fundar með aðildarfélögum miðvikudag 18.janúar 2017 gengur vel. Fundurinn verður í húsakynnum Áss – styrktarfélag. Ólafur Arnarson, formaður Neytendasamtakanna verður fundarstjóri. Erindi flytja Ketill Berg Magnússon: **Almannaheill – Hvað gerum við og hvers vegna erum við til? – Steinunn Hrafnisdóttir: Þekking og fræðsla fyrir almannaheillasamtök – Hvað er hægt að læra til að vera betri? – Ketill Berg Magnússon: Lagafrumvarp um almannaheillasamtök – Þóra Þórarinsdóttir: Fundur fólksins – Til hvers og fyrir hverja? – Fyrirspurnir og umræður.**
  - b) Nýr bæklingur um erfðagjafir er svo gott sem tilbúinn. Að útgáfunni standa Almannaheill, samtök þriðja geirans og samstarfshópur íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu, samtals 39 félög. **Niðurstaða:** Almannaheill standa straum af umbroti og prófarkarlestri. ÞE falið að kanna sameiginlega prentun fyrir öll aðildarfélög Almannaheilla og hugsanlega einhver þeirra félaga sem standa utan Almannaheilla. Almannaheill stendur straum af prentun tiltekins fjölda eintaka fyrir hvert aðildarfélag sitt. Bæklingurinn verður einnig aðgengilegur á rafrænu forni.



- c) JG kynnti hugmynd að fyrirlesara á fyrirhugað málþing Almannaheilla vorið 2017. Tim Delaney, forseti ARNOVA [Association for Research of Nonprofits and Voluntary Action] JG kynntist Delaney á árlegri þriggja daga ráðstefnu í Washington D.C. en hann verður hér í heimsókn í lok apríl og er reiðubúinn að halda fyrirlestur í nafni Almannaheilla. **Niðurstaða:** JG festir Delaney sem fyrirlesara á morgunverðarfundum á Grand Hótel fimmtudag 27. apríl 2017. ÞE pantar sal á Grand Hótel. Athuga þarf skráningu, kostnað og kynningu morgunverðarfundarins.
- d) Sýnileikahópurinn heldur áfram að vinna í Q/A skjali vegna lagafrumvarps. Óvíst hvort málið verður endurvakið á Alþingi en það er ekki að finna á málaskrá nýrrar ríkisstjórnar. M.a. rætt um að draga þurfi fram hver ávinningur verður af lagasetningu fyrir aðildarfélög Almannaheilla og félagasamtök, hvað félögin fá með FTA-skráningu og hvernig tryggt verði að allir uppfylli skilyrði.

KBM kynnti starf málefnaþóps um fjölgun félaga, innra starf og fræðslu í geiranum. Hópurinn hefur unnið að undirbúningi fræðsludagskrár fyrir stjórnir og starfsmenn félagasamtaka og sent óskir um samvinnu til HR og EHI.

KBM kynnti ennfremur starf málefnaþóps um lagafrumvarp. Mælt var fyrir málinu á fyrra þingi en málið er komið á nokkurn byrjunarreit eftir kosningar og myndun nýrrar ríkisstjórnar. Frumvarpið er ekki á málaskrá ríkisstjórnar og ólíklegt að það komi fram á yfirstandandi þingi.

Tillaga um aðgerðir:

- Senda bréf á alla þingmenn með brýningu um mikilvægi málsins
- Óska eftir fundi með nýjum ráðherra [formaður og varaformaður Almannaheilla]

#### 4. Félagsfundur Almannaheilla 18. janúar 2017

Rætt undir lið 3 a)

#### 5. Fundur Fólksins

KBM, JG, ÞÞ og ÁEH hafa skoðað fyrirkomulag Fundar fólksins. Uppgjöri er því sem næst lokið vegna viðbrúðarinnar í september 2016 og stendur lítilræði útaf sem Almannaheill mun sanda skil á. Fyrir liggur að Norræna húsið mun ekki hýsa Fund fólksins 2017 og því þarf að finna aðra staðsetningu. Þá er einsýnt að útlagður kostnaður verður meiri þar sem framlag Norræna hússins í formi aðstöðu, starfsfólks og fleira vóg þungt 2015 og 2016. Akureyrarbær og Akureyrarstofa hafa lýst áhuga á að Fundur fólksins verði á Akureyri og verður sú hugmynd skoðuð líkt og fleiri. Kanna þarf hug tveggja stóru styrktaraðila Fundar fólksins, Velferðarráðuneytisins og Reykjavíkurborgar, til þessarar hugmynda. Ennfremur þarf að kalla eftir sjónarmiðum aðildarfélaga Almannaheilla, m.a. á félagsfundum 18. janúar nk. spyrja þarf um gagnsemi Fundar fólksins og loks fá afstöðu SA, ASÍ og stjórnmalaflokka til þátttöku í viðburðinum. Stýrihópur Fundar fólksins, KBM, JG, ÞÞ og ÁEH afla gagna í janúar og skila skýrslu/tillögu á stjórnarfundum Almannaheilla í febrúar.

#### 6. Önnur mál

Spurt var um stöðu úrvinnslu vegna stefnumótunar Almannaheilla. Samantektar er að vænta.

Fundi slitið kl. 10:48

Næstu fundur boðaður fimmtudag 2. febrúar 2017 kl. 09:00